Skemmdarverk að "Jaðri" landi Góð-
templara í grennd við Gvendarbrunna.

2 blöð qto.

54.

Landþað, sem Templarar hafa fengið til umráða ofanvert við Gvendarbrunna og Jaðarsnepist, hafa þeir umgirt og varið þar öllum frístundum til að klæða það gróðri. Væri kostnaður þeirra, vinna og fyrirhöfn metin til fjár, mundi sú upphæð nema mörgum þúsundum króna, en Templarar hafa ekki horft í skildinginn hvað þetta snerti; þeir hafa sem sjálfboðaliðar, unnið þarna árum saman og án nokkurs endurgjalds víðsvegar frá, nætur sem daga um allar helgar og hátíðisdaga, hvenær sem þeir hafa átt frí og komist höndum undir og séð góðan árangur þessarar iðju sinnar, sem ætlað er öldum og óbornum Reykvíkingum að njóta, friðsællar gleði af og ánægju í ókomnum árum og öldum, eins og tilætlunin mun vera með landþað, Heiðmörkina, sem að því liggur. Þarna hafa Templarar sett niður fjölda plantna, fágætra nýgj, er þar hafa staðið og dafnað vel um 3-4 ára skeið, og ávalt hafa þeir verið að auka við þennan friðsæla skógarreit sinn og séð hann taka miklum framförum frá ári til árs. Hús þeirra þar efra bera og þess vottinn, að þarna eru framsýnir menn og ötulir að verki, sem vænta þess, að aðrir menn virði vel og vilji verða þeim fremur til hjálpar en skaðsemi.

En hvað skeður? Bæjarmenn nokkrir í Reykjavík reka þangað árlega rollur sínar, geldfé og gemlinga, sem eyðileggja þetta nytjastarf Templaranna með öllu: Svo nýlega, er þangað var komið, höfðu nokkrar kindur komist inn fyrir girðinguna, þótt aflæst sé og í engu ábótavant, nagað trén og berki af hverri einustu hríslu og plöntu, svo, að eftir standa að eins stönglarnir ber og naktir, sem viðum hafi verið með eldi. — Þetta er árangurinn og þeir, sem fönd þennan eigi fá að vera nauðungarlausir fyrir ásókninni og fávalda bæjarins, sem líða þeim að fara þannig með margra ára óeigingjarnt

starf annars manns, en banna þeim það eigi.

Grein hr. Árna B. Björnssonar í Morgunblaðinu í dag er ágæt og orð í tíma töluð. Garðeigendur allir og aðrir þeir, er vinna að fegrun lands síns, ræktun nytjajurta og trjáa utan bæjar sem innan, munu taka undir þessi orð hr. Árna B. Björnssonar og krefjast þess af bæjarstjórn Reykjavíkur, að hún láti mál þetta til sín taka og banni með öllu þessa hégómlegu og forðildarkenndu sauðfjárrækt Reykvíkinga svo nálægt bænum sem hún er oft jafnvel inni í honum, öllum að óþörfu og fjölda annars manna til stórskaða og skemmda í viðleitni þeirra að prýða landið.

Hvað segir skógarvörður landsins um þessi mál? Hann er viðurkenndur einn hinn áhugasamasti maður og ötulasti í starfi sínu, sennilega mörgum öðrum fremri í því, að rækja starf sitt sem bezt og betur en margir aðrir opinberir starfsmenn ríkisins. Orð hans og aðgjörðir til bóta í þessum efnum mundu verða þungt lóð á metaskálunum þeim, sem teknar verði til þess að meta það, hvort hagkvæmara er landi voru og þjóð, að klæða landið fögrum skógi eða ala upp nokkrar rollur til þess eins – sem vantar sýn meðal annars – að eyðileggja eitt hið mesta nytjastarf er orka landsins bíður í framtíðinni og einstaka menn hafa þegar hafist handa um að hrinda af stað; án nokkurra endurgjalda og án þess, að mega vænta þess, að fá neinar bætur fyrir sjálfs þann er nokkrir sauðfjáreigendur valda þeim með fénaði sínum.

Trjágróðurinn er þegar eyðilagður þar efra og hann fær eigi að vera í friði framar; næsta skrefið er, að banna sauðfjárræktina með öllu, eða engin önnur leið til þess að losna við ófénað þennan og skaðsemdarvarga, en láta þeim hagarlaust. Að þessu beri stefna og það verður að gera tafarlaust: Ágangsfénaður í ungviðarsvæði og friðhelgum er réttdræpur, einkum þegar eigendur hans hafa verið aðvaraðir svo sem nú er gert og lengi hefir verið gert, en þeir skotið skolla eyrum við og engu skift sér frá sinni leið.